

# STANLEY BLACK & DECKER

## STEFNA UM KÖKUR

Síðast uppfært: 17 Apríl 2023

Þessi stefna um vafrakökur á við um notkun Stanley Black & Decker, Inc. og hlutdeildarféлага á vafrakökum og svipaðri tækni („**Stanley Black & Decker**“, „**við**“, „**okkur**“, „**okkar**“) í þjónustu okkar (eins og skilgreint er í persónuverndarstefnu okkar) og felur í sér vefsvæði, farsímaforrit, forrit, verkvanga, auglýsingaþjónustu og aðrar vörur eða þjónustu Stanley Black & Decker sem þú kannt að nota.

Persónuverndarstefna okkar gildir um allar persónuupplýsingar sem er safnað með vafrakökum og er viðauki við þessa stefnu um vafrakökur. Þú getur fengið frekari upplýsingar um hvernig við vinnum úr persónuupplýsingum þínum á annan hátt en í gegnum vafrakökur og svipaða tækni, þ.m.t. réttindi og valkosti þína á vefsvæðinu [persónuverndarstefna | Stanley Black & Decker \(stanleyblackanddecker.com\)](https://stanleyblackanddecker.com).

Þessi stefna um vafrakökur á ekki við um vefsvæði, þjónustu eða forrit þriðja aðila af neinum toga, jafnvel þegar slíkt er aðgengilegt í gegnum þjónustu okkar. Kynntu þér stefnur slíkra aðila um vafrakökur í hverju tilviki fyrir sig til að fá frekari upplýsingar um hvernig slíkir aðilar nota vafrakökur eða svipaða tækni.

Yfirleitt getur þú valið hvort þú vilt samþykkja notkun á vafrakökum og svipaðri tækni með því að breyta stillingum í vafranum eða með því að breyta tilteknum stillingum þjónustunnar. Hins vegar, ef þú slekkur á vafrakökum og svipaðri tækni, kann upplifun þín af þjónustunni að vera verri og tilteknir eiginleikar munu ekki virka sem skyldi. Hér á eftir eru frekari upplýsingar um tilteknar vafrakökur og svipaða tækni sem við notum og valkosti þína.

### 1 Vefkökur af ólíkum gerðum

Vefkökur eru staðlaður eiginleiki vefsvæða sem gera okkur kleift að geyma lítið gagnamagn á tölvunni þinni með upplýsingum um opnun vefsvæða og notkun á þjónustunni. Vefkökur sýna okkur hvaða þættir þjónustunnar eru nytsamlegir og hvaða þætti þjónustunnar verður að breyta. Einnig kunnum að nota svipaða tækni og vefkökur eins og Flash-vefkökur eða pixlamerki í sama tilgangi, eins og lýst er frekar hér á eftir.

**Nauðsynlegar kökur.** Nauðsynlegar kökur gera þér kleift að vafra um þjónustu okkar. Slíkar vefkökur eru órjúfanlegur hluti þjónustu okkar og án þeirra er ekki hægt að veita þér þjónustuna sem þú óskar eftir og hugsanlega getum við ekki veitt þér tiltekna þætti eða eiginleika þjónustu okkar.

**Virknikökur.** Kjörstillingarvefkökur safna upplýsingum um val og kjörstillingar þínar og gera okkur kleift að vista upplýsingar um tungumál eða aðrar staðbundnar stillingar og sérsníða þjónustu okkar í samræmi við slíkt.

**Frammistöðukökur.** Greiningarkökur safna upplýsingum um notkun þína á þjónustunni og gera okkur kleift að bæta virkni þess. Greiningarkökur sýna okkur hvaða vefsíður þjónustunnar eru oftast opnaðar, skrá niður erfiðleika sem þú kannt að lenda í við notkun þjónustunnar og hvort að auglýsingar okkar séu áhrifaríkar eða ekki. Öll framantalin atriði gera okkur kleift að sjá heilstætt notkunarmynstur þjónustunnar, frekar en notkun eins aðila. Við notum slíkar upplýsingar til að greina umferð um þjónustu okkar en við skoðum ekki slík gögn í tengslum við persónugreinanlegar upplýsingar.

**Miðun og vefkökur samfélagsmiðla.** Auglýsingakökur eru notaðar til að birta miðaðar kynningar eða auglýsingar miðað við áhugasvið þín þegar þú notar þjónustuna eða til að stjórna auglýsingum okkar. Auglýsingakökur eru stilltar á að birta markvissar kynningar eða auglýsingar í þjónustu okkar sem byggjast á áhugamálum þínum eða til að stjórna auglýsingum okkar. Kökur á samfélagsmiðlum safna upplýsingum um notkun á samfélagsmiðlum.

## 2 Kökur og svipuð tækni sem við notum

Þegar þú notar þjónustu okkar setjum við nokkrar kökur í tækið sem þú notar til að fá aðgang að þjónustu okkar. Flest gögn sem tengjast þessum kökum, staðsetningu þeirra og notkun kunna að gera okkur kleift að bera kennsl á þig. Við notum þessar upplýsingar til að fá innsýn í hvernig þú og aðrir gestir nota þjónustu okkar með því að safna tölfræðilegum notkunargögnum sem gerir okkur kleift að veita betri notendaupplifun fyrir þjónustu okkar. Þriðju aðilar eins og þjónustuveitendur, samstarfsaðilar eða viðskiptavinir okkar kunna einnig að nota vefkökur í tengslum við þjónustu okkar í því skyni að veita þjónustu okkar, til markaðssetningar fyrir okkar hönd eða til að greina notkun á þjónustu okkar.

Opnaðu stillingarmiðstöðina með því að smella á vefkökuborðann á vefsvæðinu til að fá upplýsingar um ólíkar gerðir af vefkökum og svipaða tækni. Þú verður hugsanlega að velja vefkökutáknið á vefsvæðinu til að opna vefkökuborðann og stillingarmiðstöðina ef þú hefur þegar lokað vefkökuborðanum.

**Google Analytics.** Við notum þjónustu Google Analytics frá Google, Inc. („Google“), sem notar vefkökur og svipaða tækni til að safna saman og greina notkunarupplýsingar þjónustunnar og tilkynna um aðgerðir og hneigðir. Með þessari þjónustu er upplýsingum um notkun þína á öðrum vefsvæðum, forritum og netþjónustu hugsanlega einnig safnað. Þú getur kynnt þér nánar verklag Google á [www.google.com/policies/privacy/partners/](http://www.google.com/policies/privacy/partners/) og þú getur afþakkað þjónustuna með því að sækja vafraviðbót Google Analytics á <https://tools.google.com/dlpage/gaoptout>.

**Pixlamerki.** Við notum pixlamerki (einnig kölluð vefvitar og glærar GIF-myndir) m.a. til að rekja aðgerðir notenda þjónustu okkar, meta árangur markaðsherferða okkar og safna saman tölfræði um notkun á þjónustu okkar og viðbragðstíðni.

**Adobe Flash.** Við notum Flash-vefkökur („Flash LSO“) og aðra tækni m.a. til að safna saman og geyma upplýsingar um notkun þína á þjónustu okkar. Ef þú vilt ekki að Flash LSO sé vistað á tölvunni þinni getur þú breytt stillingum Flash Player þannig að Flash LSO verði ekki vistað á tölvunni með því að nota verkfærin sem hægt er að finna á svæðinu „[Geymslustillingar](#)“ (Storage Settings) á vefsvæðinu. Þú getur líka farið á svæðið „[Altækar geymslustillingar](#)“ (Global Storage Settings) og fylgt leiðbeiningunum (sem geta t.d. útskýrt hvernig á að eyða Flash LSO sem þegar er til staðar (nefnist „**upplýsingar**“), hvernig á að koma í veg fyrir að Flash LSO sé sett á tölvuna þína án þíns samþykkis og hvernig á að hindra Flash LSO sem ekki kemur frá stjórnanda þeirrar síðu sem opin er í það skiptið). Hafðu í huga að þegar þú stillir Flash Player þannig að samþykki Flash LSO sé takmörkunum háð getur það dregið úr eða truflað virkni sumra Flash-forrita.

**Upplýsingar um vafra eða tæki.** Vissum upplýsingum er safnað af flestum vöfrum eða sjálfkrafa í gegnum tækið, svo sem MAC-vistfang (Media Access Control address), tölvutegund (Windows eða Mac), skjáupplausn, heiti stýrikerfis og útgáfu, framleiðandi tækis og tegund tækis, tungumál, tegund vafra og útgáfa, og nafn og útgáfa þjónustunnar sem þú notar. Við notum þessar upplýsingar til að tryggja að þjónusta okkar virki eðlilega.

**Fingrafarasetning tækis.** Við kunnum einnig að nota aðra tækni sem er svipuð og vefkökur í því skyni að bjóða þér efni sem við teljum þig hafa áhuga á miðað við virkni þína í þjónustu okkar og til að koma í veg fyrir svik og til frekari auðkenningar. Við kunnum t.d. að nota eiginleika tækisins og sameina upplýsingar sem vafrar safna saman eða á sjálfvirkan hátt í tækinu þínu til að búa til einkvæmt kenni sem gerir okkur kleift að auðkenna vafrann eða tækið þitt á áreiðanlegan hátt. Í þessu samhengi kunnum við að safna saman, nota og sameina eftirfarandi upplýsingar:

- Fjöldi heimsókna
- Síðasta heimsókn
- Fyrsta heimsókn
- Ytri IP-tölur
- Innri IP-tölur
- Skjáupplausn
- Landfræðileg staðsetning (lengdar-/breiddargráða miðað við IP-tölu)
- Afkastaprófun tækis
- Bandvíddarprófun tækis
- Miðlari notanda tækis (tegund vafra, útgáfa)
- Afkastageta tækis (Modernizer-strengur fyrir afkastagetu vafra)
- Stýrikerfi tækis
- Viðbætur sem hafa verið settar upp í tækinu
- Tungumál vafra
- Flash-viðbót virk eða óvirk
- Skráður tími tækis
- Leitarorð sem eru notuð ef opnað er úr leitarvél
- Síður sem eru opnaðar

- Lengd opnunar
- Tilvísunarsíða
- Staða músarbendils
- Músasmellir
- Staðsetning síðuflettingar

### 3 Valkostir þínir varðandi notkun okkar á vafrakökum og svipaðri tækni

Háð gildandi lögum í lögsagnarumdæmi þínu kunnum við að biðja um samþykki þitt fyrir að koma vefkökum fyrir í tækinu þínu, fyrir utan vefkökur sem teljast vera ómissandi.

Þú getur breytt stillingum fyrir vefkökur og svipaða tækni með því að smella á vefkökuborðann á vefsvæðinu og opna stillingarmiðstöðina. Þú verður hugsanlega að velja vefkökutáknið á vefsvæðinu til að opna vefkökuborðann og stillingarmiðstöðina ef þú hefur þegar lokað vefkökuborðanum.

Þar að auki getur þú komið í veg fyrir að vefkökum sé komið fyrir með því að breyta vafrastillingunum. Frekari upplýsingar um algenga vafra er að finna á <http://www.allaboutcookies.org/manage-cookies/index.html>. Þar að auki er ekki víst að allir eiginleikar þjónustu okkar virki sem skyldi ef slökkt er á vefkökum.

Athugaðu að eins og er er ekki hægt að tengja ákvörðun þína um að afþakka vefkökur við reikninginn eða prófílinn þinn. Smelltu á hnappinn „Hætta í áskrift“ neðst í hvaða markaðspósti frá okkur sem er ef þú vilt afþakka markaðspóst. Í tilvikum þegar þú vilt nýta persónuverndarréttindi þín fyrir alla þjónustu Stanley Black & Decker (eins og lýst er í [persónuverndarstefnu okkar | Stanley Black & Decker \(stanleyblackanddecker.com\)](#)) skaltu fylla út [fyrirspurnareyðublað persónuverndarstefnu okkar](#) eða hafa samband við okkur í síma +1 (888) 997-6648. Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki þitt fyrir notkun okkar á vefkökum. Þú getur nýtt þér þennan rétt með því að eyða vefkökum sem kunna að hafa verið vistaðar í tækinu þínu, eins og lýst er hér á undan.

### 4 Hafa samband

Hafðu samband við okkur ef spurningar vakna með því að fylla út [fyrirspurnareyðublað persónuverndarstefnunnar](#), hringja í síma +1 (888) 997-6648, senda tölvupóst á [PrivacyPolicyManager@sbdinc.com](mailto:PrivacyPolicyManager@sbdinc.com), eða senda bréf á eftirfarandi aðsetur:

Stanley Black & Decker, Inc.

1000 Stanley Drive

New Britain, CT 06053

Viðt.: Legal / Privacy Policy Manager

Við kunnum að gera breytingar á þessari reglum um vefkökur hvenær sem er. Skoðaðu tilkynninguna „Síðast uppfært“ efst á þessari síðu til að athuga hvenær þessi regla um vefkökur var síðast endurskoðuð. Allar breytingar sem gerðar eru á þessari reglu um vefkökur taka gildi um leið og endurskoðuð regla um vefkökur er gerð tiltæk í þjónustunni.